



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Samningur um samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um starfsþróun og nýsköpun í menntun

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. mars 2019 voru lögð fram drög að samningi um samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun og nýsköpun í menntun.

Samningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Síðastliðin ár hefur skóla- og frístundasvið (SFS) verið í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands m.a. um rannsóknir, menntamiðju og símenntun starfsmanna sviðsins. SFS hefur gjarnan kallað til fulltrúa frá Menntavísindasviði í starfshópa á vegum sviðsins, t.d. við gerð menntastefnu Reykjavíkur og eins varðandi ráðgjöf varðandi val á stjórnendum skóla. Í menntastefnu Reykjavíkur er undirstrikað mikilvægi þess að starfsfólk á skóla- og frístundasviði fái rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Í stefnunni er tekið fram að starfsfólk SFS þurfi að eiga í þverfaglegu samstarfi m.a. við stofnanir sem stuðla að þróun menntunar. Menntastefna Reykjavíkur er því sá grundvöllur sem þessi samningur við Menntavísindasvið hvílir á en hann fjallar um samstarf varðandi starfsþróun starfsfólks á leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Samstarfið felst annars vegar í samvinnu um þróun námskeiða, ýmist einingabær eða sértæk og hins vegar um ráðgjöf og faglega leiðsögn.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs til afgreiðslu.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Drög að samningi



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur um samstarf menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun og nýsköpun í menntun

Menntastefna Reykjavíkur – Látum draumana rætast var samþykkt 20. nóvember 2018. Samhliða voru samþykktar almennar aðgerðir sem Reykjavíkurborg hefur skuldbundið sig til að styðja við á næstu þremur árum. Meðal þeirra eru tillögur sem lúta að starfsþróun, ráðgjöf og handleiðslu starfsfólks annarsvegar og fjölgun fagmenntaðra hinsvegar en í þeim segir:

Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs.

Fjölga á fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskóla og Kennarasamband Íslands. Lögð verður áhersla á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.

Mikilvægt er að geta unnið markvisst að innleiðingu þessara aðgerða á næstu þremur árum og þjónustað um leið starfsstaði skóla- og frístundasviðs með sem bestum hætti. Liður í því er að vekja jákvæða athygli á möguleikum í kennara- og tólstundanámi fyrir ungt fólk og fjölga símenntunartilboðum til starfsfólks skóla- og frístundasviðs. Einnig er nauðsynlegt að þróa fjölbreytt einingabær námskeið í samvinnu við háskólasamfélagið fyrir starfandi kennara en skv. nýjum kjarasamningum kennara fá þeir möguleika til að bæta kjör sín með því að þreyta viðbótareiningar í framhaldsnámi.

Skóla- og frístundasvið hefur átt í farsælu samstarfi við menntavísindasvið á liðnum árum og má þar nefna dæmi um samstarf við RannUng vegna rannsókna á leikskólastarfi, læsisnámskeið á vegum Miðju máls og læsis, námskeiðum á vegum Menntamiðju, samstarf um Tungumálatorg, námskeið um útikennslu og útinám í samstarfi við Miðstöð útivistar og útináms og margt fleira. Í þessu samstarfi hefur hinsvegar skort ákveðna yfirsýn, samræmi og fyrirhyggju. Samstarfið hefur ekki verið formgert og verið meira á forsendum einstakra starfsmanna en að til þess hafi verið stofnað með gagnkvæma hagsmuni og framtíðarsýn að leiðarljósi. Til þess að geta boðið upp á sem besta starfsþróun fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs fyrstu þrjú árin í innleiðingu Menntastefnunnar telur skrifstofa skóla- og frístundasviðs mikilvægt að formgera samstarfið við menntavísindasvið og byggja þannig upp lærdómssamfélag, samstarf, teymishugsun og hringferli stöðugra umbóta og þróunar.

Samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs og menntavísindasviðs

Til þess að vinna markvisst að innleiðingu framangreindra tillagna hefur á undanförunum mánuðum verið unnið að gerð samnings við menntavísindasvið Háskóla Íslands sem felur í sér gagnvirka samvinnu um námskeiðshald, leiðsögn, ráðgjöf og rannsóknir fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs. Þá felur samningurinn í sér framlag af hálfu menntavísindasviðs sem felst m.a. í að halda og auglýsa viðburði sem kynna sérstaklega Menntastefnu Reykjavíkurborgar, áhugaverðar rannsóknir og þróunar og nýsköpunarstarf á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Menntavísindasvið tryggir sýnileika samstarfsins með því að gera því góð skil á heimasíðu sinni sem og í starfi sviðsins og nærumhverfi svo sem með því að standa fyrir viðburðum á Barnamenningarhátíð. Með því að vekja markvissa athygli á kraftmiklu skóla- og frístundastarfi í borginni á vettvangi Menntavísindasviðs er verið að sá fræjum áhuga og hvatningar hjá þeim sem eru að leita sér að framtíðarstarfsvettvangi innan menntavísindasviðs og um leið aukast tækifæri skóla- og frístundasviðs til að hafa áhrif á inntak í námi kennara og tólmstundafræðinga.

Í vinnu við að þróa samningsdrög skóla- og frístundasviðs og menntavísindasviðs var m.a. litið til þess samstarfs sem verið hefur um árabíl á milli Akureyrarbæjar og skólaþróunardeildar Háskólans á Akureyri. Það samstarf hefur leitt af sér fjölmörg þróunar- og rannsóknarverkefni í skólum bæjarins auk þess sem samstarfið hefur haft mikil áhrif á þróun náms fyrir kennaranema innan Háskólans á Akureyri. Þá hefur samstarfið leitt af sér viðamiklar ráðstefnur um brýn málefni hverju sinni.

Áætlað er að sækja fjármagn til samstarfsins í símenntunar- og endurmenntunarsjóði kennara en framlag skóla- og frístundasviðs felst í ígildi stöðugildis verkefnisstjórnar sem hefur það hlutverk að sjá um og skipuleggja námskeið, símenntun og fræðslu fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar ásamt því að skipuleggja ráðgjöf og faglega leiðsögn í tengslum við þróunar- og nýsköpunarstarf á grunni Menntastefnu Reykjavíkur.

Tengiliðir fyrir hönd Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eru:

Ragnheiður E. Stefánsdóttir mannauðsstjóri SFS

Fríða B. Jónsdóttir deildarstjóri Nýsköpunarmiðju menntamála hjá SFS

Tengiliðir fyrir hönd Menntavísindasviðs eru:

Oddný Sturludóttir, verkefnastjóri og aðjúkt MVS

Ester Ýr Jónsdóttir, verkefnastjóri MVS

Kristín Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar



Samningur um samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun og nýsköpun í menntun

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS), kt. 530269-7609, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, gera með sér svofelldan samstarfssamning.

1. gr.

Tilgangur og markmið

Meginmarkmið með samstarfinu er að byggja upp lærdómssamfélag, samstarf, teymishugsun og hringferli stöðugra umbóta og þróunar. Af hálfu Háskóla Íslands annast Menntavísindastofnun (MVSt) og Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands framkvæmd og umsjón samnings þessa. Tilgangur og markmið samningsins er að efla samstarf milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS) og Menntavísindastofnunar um starfsþróun starfsfólks SFS í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi. Markhópur samningsins er starfsfólk SFS en sérstök áhersla er á starfsfólk, sem lokið hefur stúdentsprófi og/eða grunn eða framhaldnámi í háskóla, í gegnum einingabær námskeið. Samstarfið felst í samvinnu um námskeiðshald, leiðsögn, ráðgjöf og rannsóknir með og í samvinnu við framangreinda hópa. Starfið grundvallast á Menntastefnu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/latum-draumana-raetast-menntastefna-til-2030> (sjá nánar um tilgang og markmið í fylgiskjali 2).

2. gr.

Starfsþróun og nýsköpun

Vinna skv. samningi þessum skal hefjast í febrúar 2019 og felst í eftirfarandi verkþáttum:

- Samningsaðilar halda sameiginlega námskeið fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla og í frístundastarfi. Námskeiðin verða margþætt og flest verða þau einingarbær.
- Náinni samvinnu af hálfu MVS og SFS við undirbúning námskeiða skv. a. lið.
- Samningsaðilar tilnefna a.m.k. einn aðila til að vinna að útfærslu og skipulagi námskeiða fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk Menntavísindasviðs ásamt öðrum með þá sérþekkingu sem þörf er á hverju sinni, tekur að sér kennslu sem greitt er fyrir, sbr. 3. gr. samningsins.
- Starfsstöðum SFS stendur til boða fagleg leiðsögn, ráðgjöf og/eða sértæk námskeið frá MVS og bera þá tilfallandi kostnað þar að lútandi falli hann utan þess sem talið er í 3. gr. Þetta á einungis við ef námskeið falla ekki undir núverandi námskeiðsflóru MVS.

3. gr.

Kostnaður

- SFS greiðir fyrir sem svarar eitt stöðugildi verkefnastjórnar verkefnastjóra sem mun hafa starfsstöð við Menntavísindasvið. Verkefnastjórinn heldur utan um skipulag og

tilboð fræðslu, leiðsögn og ráðgjöf fyrir starfsstaði SFS. Gerður verður sérstakur samningur við SFS, um hlutverk og viðfangsefni verkefnisstjóra, til eins árs í senn. Sjá nánar fskj. 1. og 2.

- b. MVS og SFS þróa í samvinnu einingabær námskeið sem sérhönnuð verða að þörfum SFS en kostnaður vegna þeirrar vinnu er hluti af kostnaði sem SFS ber vegna verkefnastjóra. Einingabært námskeið er ávallt á faglegri ábyrgð háskóladeildar og hefur kennari við HÍ umsjón með slíku námskeiði.
- c. Ef námskeið falla innan einingabærs náms en eru ekki þegar í kennsluframboði MVS (sérniðin fyrir SFS) þá þarf lágmarksfjölda nemenda í hvert námskeið. Þátttakendur greiða skrásetningargjald til HÍ.
- d. Kostnaður og greiðslufyrirkomulag vegna verkefna skulu tilgreind í kostnaðaráætlun, sbr. fskj. 1. Um er að ræða heildarkostnað vegna þróunar, útfærslu og námskeiðshald, húsnæði og umsýslu fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Samskipti á framkvæmdatíma

- a. Samningsaðilar koma báðir að vinnu við hugmyndasmíði og undirbúning. Leitað verður til sérfræðinga frá öðrum fræðasviðum Háskóla Íslands sem og úr skóla- og frístundasamfélaginu eða annarsstaðar að eftir því sem við á.
- b. Hvor samningsaðili tilnefni a.m.k. einn aðila til að vinna að útfærslu og skipulagi námskeiða, annarra starfsþróunartilboða og viðfangsefna skv. markmiðum í 1.gr. fyrir ólíka starfsmannahópa SFS. Aðilar hittast reglulega til að ræða þróun og stöðu námskeiðishalds og nýsköpunar.

Tengiliðir fyrir hönd Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eru:

Ragnheiður E. Stefánsdóttir mannauðsstjóri SFS

Fríða B. Jónsdóttir deildarstjóri Nýsköpunarmiðju menntamála hjá SFS

Tengiliðir fyrir hönd Menntavísindasviðs eru:

Oddný Sturludóttir, verkefnastjóri og aðjúnt MVS

Ester Ýr Jónsdóttir, verkefnastjóri MVS

Kristín Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar

5. gr.

Afurðir og réttindi

Ýmis námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Starfsfólk Menntavísindasviðs sem kemur að samstarfinu fara með höfundar- og afnotarétt af öllum námskeiðum og kennsluefni sem til verða við þetta samstarf. Í því felst m.a. réttur til afnota efnis fyrir aðra hópa, rannsóknir og rannsóknargögn sem kunna að verða til í tengslum við kennslu. Allt þetta verður þó gert með upplýstu samþykki frá SFS.

6. gr. Aðgerðaráætlun

Á grunni samningsins verður gerð aðgerðaráætlun til eins árs í senn þar sem aðgerðir og fjármagn er nánar útlistað á grundvelli 1. gr. þessa samnings. Aðgerðaráætlun fyrir hvert skólaár liggi fyrir í mars ár hvert.

7. gr. Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi þann 1. mars 2019 og gildir til 28. febrúar 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Aðilar skulu fyrir 1. janúar 2022 ákveða sameiginlega hvort samningur þessi skuli endurnýjaður

Gerður er fyrirvari af hálfu skóla- og frístundasviðs um að fjárveitinar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvar og miðast uppsögn við mánaðarmót.

8. gr. Reglur, vanefndir, varnarþing o.fl

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, sjá viðauka I við samning þennan og skal geta þess í kynningarefni MVS að sviðið njóti styrks frá Reykjavíkurborg

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningi þessum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til slíkrar riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal þó að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík xx. 2019

F.h. Háskóla Íslands
Jón Atli Benediktsson, rektor

F. h. Reykjavíkurborgar
Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs

F.h. Menntavísindasviðs
Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti
Menntavísindasviðs

Viðauki I

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

F.h. skóla- og frístundasviðs
Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla-
og frístundasviðs

Vottar að réttri dagsetningu, undirritunum
og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:



Fylgiskjal 1.

Við samning um samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Skóla- og frístundaviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun og nýsköpun í menntun

Kostnaður við verkefnastjórnun (ígildi stöðugildis):

- Samtals 11.000.000 á ársgrundvelli sem skiptist þannig:
 - skipulag og utanhald námskeiða skv. lýsingu í fylgiskjali 2 kr. 5.500.000
 - Ráðgjöf og fagleg leiðsögn sérfræðinga til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi kr. 5.500.000 eða allt að 390 kennslustundir (40 mínútur en kostnaður við hverja stund er 14.000 kr.).

Samtals: 11.000.000 kr.

Greitt er sérstaklega fyrir sérsniðin námskeið fyrir starfsfólk SFS. Kostnaður vegna þeirra er:

- Hver kennslustund (40 mín): 26.000 kr. + kennslustofa (ef námskeiðið fer fram á MVS)

Greitt er sérstaklega fyrir sérsniðin einingabær námskeið¹.

Lágmarksfjöldi þátttakenda á sérsniðin námskeið:

- 3 einingar 20 nemendur
- 5 einingar 22 nemendur
- 10 einingar 25 nemendur

Verðdæmi fyrir einingarbært nám þar sem starfsfólk SFS skráir sig í Háskóla Íslands – Fullt skráningargjald árið 2018-2019 var 75.000 kr. og eitt námskeið kostaði kr. 55.000 kr.

MVS kemur áfram til með að bjóða stök einingabær námskeið sem kennd eru áfram með reglubundnum hætti og getur starfsfólk sem uppfyllir undanfaraskilyrði skráð sig í slíki námskeið og borgað skráningargjald í HÍ (sjá verð 2018-2019 hér að ofan).

¹ Kostnaður við þau fer eftir umfangi og fjölda eininga og tekur mið af gjaldskrá fyrir sérsniðin námskeið eða kostnaði við námskeið eins og þau eru sett upp í kennsluskrá. Gert er ráð fyrir að þátttakendur geti sótt um styrki fyrir sérsniðnum einingabærum námskeiðum í eigin starfsþróunarsjóði.

Dæmi um framlag MVS:

- MVS hýsir og auglýsir viðburð fyrir kynning á a) menntastefnu SFS og b) áhugaverðum rannsóknarefnum fyrir meistaranema en einnig c) viðurkenning SFS á framúrskarandi meistaraverkefnum. Viðburðurinn er sérstaklega miðaður að nemendum í framhaldsnámi, sem og á síðari stigum grunnnáms.
- MVS og SFS standi saman að gerð hugmyndabanka um möguleg rannsóknarverkefni sem miða að þörfum leik, skóla- og frístundasamfélagsins í Reykjavík, óháð innleiðingu menntastefnunnar.
- *Aðkoma að Menntakviku.* a) Kynning á rannsóknnum og þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem tengja saman Menntavísindasvið og SFS og b) starfsfólki SFS er sérstaklega boðið að senda inn rannsóknarefni/þróunar- og nýsköpunarverkefni til kynningar á *Menntakviku*.
- Menntavísindasvið hýsir viðburð ár hvert þar sem markmiðið er að kynna nýsköpun í leik, skóla- og frístundastarfi: Kynningar verða á nýjungum í rannsóknnum, þróunar- og nýsköpunarstarfi, tækni og útgáfu námsefnis og svo framvegis. Á þeim vettvangi gefst SFS kostur á að kynna menntastefnu sína og nýjungar í þróun skóla- og frístundastarfs.
- MVS tryggi sýnileika samstarfsins við SFS með því að gera því góð skil á heimasíðu MVS sem og í starfi sviðsins og nærumhverfi svo sem eins og Barnameningarhátíð. Einnig verði um samstarfið fjallað með reglubundnum hætti á öðrum vettvangi, til dæmis á Fésbókarsíðu Menntavísindasviðs.

Fylgiskjal 2.

Við samning um samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Skóla- og frístundaviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun og nýsköpun í menntun

Markmið samnings þessa er að efla samstarf Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, (SFS), Menntavísindastofnunar (MVSt) og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (MVS) um starfsþróun. Í samningnum er tilgreind aðkoma MVS að starfsþróun starfsfólks SFS á leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Samstarfið felst annars vegar í samvinnu um þróun námskeiða, ýmist einingabær eða sértæk og hins vegar um ráðgjöf og faglega leiðsögn á grundvelli nýrrar Menntastefnu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/latum-draumana-raetast-menntastefna-til-2030>

Ígrundun í eigið starf verður rauður þráður í ráðgjöf og faglega leiðsögn og verður virkur hluti af starfsþróunarferli þátttakenda. Þá verður lögð áhersla á samstarf í víðu samhengi þar sem leitast verður við að gera skóla- og frístundastarf í borginni sýnilegt á vettvangi Menntavísindasviðs. Á sama hátt verður leitast við að miðla starfsemi Menntavísindasviðs á sem fjölbreyttastan hátt í formlegri og óformlegri menntun barna og unglinga í borginni. Með samstarfinu verður unnið að því að tengja saman starfsþróun, reynslu af vettvangi, rannsóknir og ígrundun í daglegt starf. Hugmyndafræði heiltækrar hugsunar og samvirkni verður höfð að leiðarljósi. Með því er átt við virka þátttöku sem flestra: Barna, ungmenna, foreldra og annarra sem koma að uppeldi, menntun og velferð innan skólasamfélagsins. Rauður þráður í öllu skipulagi starfsþróunar verði áhersla á að byggja upp lærdómssamfélag, sterka menningu á starfsstöðum, samstarf, teymishugsun og hringferli stöðugra umbóta og þróunar.

Aðgerðaáætlun: Samningur þessi er gerður til þriggja ára í senn og hefst formlega í febrúar árið 2019. Á grunni hans verður gerð aðgerðaráætlun til eins árs í senn þar sem aðgerðir og fjármagn er nánar útlistað á grundvelli 1. gr. þessa samnings. Aðgerðaráætlun hvers skólaárs liggja fyrir í mars. Við undirritun samnings mun MVS manna stöðu verkefnastjóra sem kemur að samstarfinu við SFS. Hvor samningsaðili tilnefni a.m.k. einn aðila til að vinna að útfærslu og skipulagi námskeiða, annarra starfsþróunartilboða og viðfangsefna fyrir ólíka hópa skólasamfélags SFS skv. markmiðum í 1.gr. Samningsaðilar koma báðir að vinnu við hugmyndasmíði og undirbúning. Sérfræðingar frá Menntavísindasviði í samstarfi við sérfræðinga frá öðrum sviðum Háskóla Íslands en einnig frá skóla- og frístundasamfélaginu taka þátt í samstarfinu eftir því sem við á. Skoða þarf sérstaklega hvernig hægt er að meta sértæk námskeið inn í námslínur til að fólk geti nýtt þau ef það vill skrá sig í formlegt framhaldsnám.

Í verkefnastjórnun felst: að vinna náið með starfsfólki SFS til að mæta þörfum starfsfólks SFS á hinum fjölbreyttu sviðum. Verkefnastjóri kemur að uppsetningu námskeiða sem óskað er eftir. Einnig sér verkefnastjóri um utanumhald, mönnun, auglýsingar og önnur tengd

verkefni þar með talið að halda utan um og skrá það starf sem þegar er til staðar og þau verkefni sem skapast. Að auki tryggir hann að námskeið standist gæðakröfur Háskóla Íslands og að kennsla þeirra sé í höndum helstu sérfræðinga á viðkomandi sviði. Verkefnastjóri sér um samskipti við HÍ og tryggir að tímarömmum og öllum formsatriðum varðandi stjórnslu sé fylgt í sambandi við námskeið. Verkefnastjóri ber ábyrgð á því að útvega sérfræðinga til að veita ráðgjöf og faglega leiðsögn í nánu samstarfi við SFS.

Í ráðgjöf og faglegri leiðsögn felst að sérfræðingar á tilteknum sviðum HÍ veiti stjórnendum og starfsstöðum SFS stuðning við innleiðingu Menntastefnu, uppsetningu þróunarverkefna og aðkomu að fræðslu og ígrundun starfsfólks á vettvangi.

Í fylgiskjali 1 er nánar listaður upp kostnaður vegna verkefnastjórnunar annarsvegar og ráðgjafar og faglegrar leiðsagnar hinsvegar.

Greitt verður sérstaklega fyrir námskeið og húsnæði í þeim tilfellum sem það á við en leitast verður við að halda námskeið í húsnæði á vegum SFS þegar hægt er.

8 Fylgiskjöl

8.1 Fylgiskjal 1 - Reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. *Markmið.*

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. *Ábyrgð.*

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.

